

Frumvarp til laga

um breytingu á lögum um vísitölu neysluverðs, nr. 12/1995,
með síðari breytingum (vísitala neysluverðs án húsnæðis).

Flm.: Inga Sæland, Ásthildur Lóa Þórsdóttir,
Eyjólfur Ármannsson, Guðmundur Ingi Kristinsson,
Jakob Frímagn Magnússon, Tómas A. Tómasson.

1. gr.

Á eftir 2. másl. 1. mgr. 1. gr. laganna kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Ekki skal taka tillit til húsnæðiskostnaðar við útreikning vísitölu neysluverðs.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Verðbólga mælist nú langt umfram verðbólguþröskulmið Seðlabanka Íslands. Stærsti einstaki orsakavaldurinn er sífellt hækkandi húsnæðisverð. Þetta veldur keðjuverkandi áhrifum sem leiða til þess að greiðslubyrði heimilanna þyngist og lánin hækka til muna. Verðbólga mælist nú 5,7% en mælist 3,7% ef húsnæðisliðurinn er tekinn út. Helstu greiningaraðilar spá áframhaldandi hækkunum á húsnæðisverði, m.a. vegna framboðsskorts á húsnæði. Því er útlit fyrir verulegar hækkanir á vísitölu neysluverðs á næstu misserum vegna hækkandi húsnæðisverðs. Það vita allir hvaða skelfilegu afleiðingar verðbólgan hafði á verðtryggð lán íslenskra fjölskyldna landsins í kjölfar efnahagshrunsins 2008. Þar tvöfölduðust skuldir heimilanna á einni nóttu og hátt í 15.000 fjölskyldur misstu heimili sín. Þetta má aldrei gerast aftur.

Til að sporna gegn hörðustu áhrifum verðbólgunnar á heimilin er lagt til að húsnæðisliðurinn verði felldur út úr vísitölu neysluverðs. Þetta fyrirkomulag tíðkast víða, t.d. í verðbólgu-mælingum ESB. Með slíkri breytingu má draga verulega úr mældri verðbólgu og þar með hörðustu áhrifum vísitöluhækkana á fjárhag fjölskyldufólks, sérstaklega þeirra sem sitja fastir í viðjum verðtryggðra húsnæðisskuldbindinga.

Hagstofan heldur þegar til haga vísitölubreytingum án húsnæðis og því ætti stofnunin að geta breytt framkvæmdinni til samræmis við frumvarp þetta án mikillar fyrirhafnar.